

1895

Fimmtudaginn 6. október 1994.

Nr. 330/1994.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Unnþóri Bergmann Halldórssyni

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Bifreiðar. Umferðarlög. Of hraður akstur. Ökuréttarsvipting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu í heild sinni, og hefur því af hálfu ákærvalds verið skotið til Hæstaréttar með stefnu 24. júní 1994. Við meðferð málsins krafðist ákærvaldið staðfestingar hins áfrýjaða dóms og þess, að ákærði yrði „dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, þ. á m. saksóknarkostnað í ríkissjóð, er ákvarðaður verði jafn málsvarnarlaunum“.

Málinu er ekki áfrýjað af hálfu ákærvalds, og verður því ekki orðið við kröfum um hækkun tildæmdra saksóknarlauna fyrir héraðsdómi.

Með úrskurði héraðsdómara 9. maí 1994, fjórum dögum eftir uppkvaðningu héraðsdóms, var ákvörðun um sviptingu ökuréttar ákærða frestað með vísan til 104. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ber með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms að staðfesta niðurstöðu hans að öðru leyti en því, að svipting ökuréttar ákærða miðast við birtingu dóms þessa fyrir ákærða. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að svipting ökuréttar ákærða, Unnþórs Bergmann Halldórssonar, skal miðast við birtingu dóms þessa fyrir ákærða.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með

talinn saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls Arnórs Páls-sonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 5. maí 1994.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. f. m., er höfðað með ákæruskjali lög-
reglustjórans á Selfossi, út gefnu 17. janúar 1994, á hendur Unnþóri Berg-
mann Halldórssyni, kt. 240548-2929, Básahrauni 47, Þorlákshöfn, „fyrir að
aka laugardaginn 23. október 1993 bifreiðinni BH-588 suður Óseyrarbraut í
Þorlákshöfn með allt að 103 kílómetra hraða miðað við klukkustund eftir
vegarkafli á móts við hús nr. 28 við þá götu og án þess að hafa meðferðis
ökuskírteini greint sinn.

Telst þetta varða við 1. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr.
umferðarlaga nr. 50 frá 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar öku-
réttar samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakar-
kostnaðar“.

— — —

II.

Í máli þessu er ákærða aðallega gefið að sök að hafa ekið bifreið yfir lög-
leyfðum hraða og svo sem nánar greinir í ákæru, innan þéttbýlis í Þorlákshöfn. Er hann með því talinn hafa brotið gegn 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, en samkvæmt því ákvæði má ökuhraði í þéttbýli ekki vera meiri en 50 km miðað við klukkustund. Ákærði hefur í sjálfu sér ekki neitað því að hafa ekið bifreið sinni umrætt sinn með þeim hraða, sem í ákæru greinir. Hann hefur hins vegar að meginstefnu til reist vörn sína í málinu á því, að ákvæði umferðarlaga um akstur í þéttbýli gildi ekki á þeim stað, er hraði bifreiðar hans var mældur laugardaginn 23. október 1993.

— — —

III.

Telja verður nægilega sannað með framburði lögreglumannanna Jóns Hlökkvers Hrafnssonar og Erlends Daníelssonar, að ákærði hafi laugardaginn 23. október 1993 ekið bifreiðinni BH-588 með allt að 103 km hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafli skammt norðan við hús nr. 28 við Óseyrarbraut í Þorlákshöfn. Þá þykir ekki varhugavert að telja nægilega fram komið, að bifreið ákærða hafi verið komin inn fyrir svokallað þéttbýlismerki (D 12), þá er hraði hennar var mældur umrætt sinn.

Í reglugerð nr. 341/1989 um umferðarmerki og notkun þeirra, sbr. 79. og 84. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, er að finna svohljóðandi ákvæði um þéttbýlismerki (D 12): „Merki þetta ber að nota við akstursleiðir inn á svæði, þar sem ákvæði umferðarlaganna um þéttbýli gilda.“ Um merki D 13, þéttbýli lokið, segir svo í reglugerðinni: „Merki þetta er notað til að gefa til kynna, að reglur um þéttbýli gildi ekki lengur.“ Í 2. gr. umferðarlaga segir svo um þéttbýli, að það sé svæði, sem afmarkað sé með sérstökum merkjum, er tákni þéttbýli.

Samkvæmt 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga má ökuhraði í þéttbýli ekki vera meiri en 50 km á klukkustund. Ákvæði þetta tók til aksturs ákærða, þá er lögreglumenn mældu hraða bifreiðar hans á Óseyrarbraut í Þorlákshöfn greint sinn, enda er þar ekki gefið til kynna með viðeigandi umferðarmerki, að vikið sé frá hinum almennu hraðamörkum í þéttbýli, sem felast í hinu tilvitnaða ákvæði umferðarlaganna. Ákvæði 5. mgr. 11. gr. fyrrnefndrar reglugerðar nr. 341/1989 um, að leiðbeiningarmerki beri að setja hæfilega langt frá þeim stað, er leiðbeining vísar til, fær ekki breytt framangreindri niðurstöðu dómsins.

Ákærði hefur fyrir dómi viðurkennt að hafa ekki haft ökuskírteini sitt meðferðis við akstur umrætt sinn.

Með vísan til þess, sem nú hefur verið rakið, telst ákærði sannur að sök um þá háttsemi, sem lýst er í ákæru. Varðar brot hans við 1. mgr. 37. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, eins og þar er tiltekið.

Refsing ákærða, sem ekki hefur áður sætt refsingu, er áhrif hefur á ákvörðun viðurlaga í þessu máli, þykir samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga hæfilega ákveðin 20.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber að kröfu ákærvalds og með vísan til 101. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 44/1993, að svipta ákærða ökurétti, og þykir sviptingartími hæfilega ákveðinn 1 mánuður frá birtingu dóms þessa að telja.

Loks verður ákærði dæmdur til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ævars Guðmundssonar héraðsdómslögmanns, 60.000 krónur.

Þorgeir Ingi Njálsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Unnþór Bergmann Halldórsson, greiði 20.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökurétti í 1 mánuð frá dómsbirtingu að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ævars Guðmundssonar héraðsdómslögmanns, 60.000 krónur.
